

er áfrýjanda ber að greiða hinum stefndu með 5% ársvöxtum frá 27. okt. f. á. til greiðsludags.

Málskostnaður fyrir báðum réttum þykir eftir atvikum eiga að falla niður.

Þvi dæmist rétt vera:

Áfrýjandi Þorgeir Pálsson fyrir hönd hlutafélagsins »Njörður« greiði hinum stefndu, Elíasi Stefánssyni fyrir hönd hlutafélagsins »Eggert Ólafsson« og Halldóri Þorsteinssyni 8000 kr. með 5% ársvöxtum frá 27. okt. 1916 til greiðsludags.

Málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi fellur niður.

Dóminum að fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaáðför.

Mánudaginn 2. júlí 1917.

Nr. 34/1917.

Páll Jónsson
fyrir hönd Ásmundar Eiríkssonar
gegn
Sigurði Ingimundarsyni
og Eiríki Einarssyni.

D ó m u r:

Oddur Gíslason yfirréttarmálaflutningsmaður hefir fyrir hönd hinna stefndu, Sigurðar Ingmundarsonar kaupmanns á Stokkseyri og undirdómarans Eiríks Einarssonar, setts sýslumanns í Árnæssýslu, sem stefnt er til ábyrgðar fyrir meðferð hans á þessu máli, lagt fram í yfirdóminum yfirlýsingu, dags. 18. maí þ. á., frá áfrýjanda, Ásmundi bónda Eiríkssyni á Apavatni, með árituðu samþykki stefnda, Sigurðar Ingimundarsonar, um að þeir hafi sæst á málið og að það því skuli falla niður að fullu og öllu, svo og tilkynningu frá Ásmundi Eiríkssyni til málflytjanda hans, Páls Jónssonar yfirréttarmálaflutningsmanns, dags. s. d., um að sætt sé komin á málið og umboð hans (Páls Jónssonar) því afturkallað, og enn fremur skjal frá áfrýjanda Ásmundi Eiríkssyni til Páls Jónssonar, dags. 23. s. m., þar sem ítrekuð er afturköllun umboðsins og Páli Jónssyni bannað að gera nokkuð frekara í málinu.

Samkvæmt þessum skjölum er þess krafist af hálfu hinna stefndu, að mál þetta sé hafið.

Þessari kröfu hefir nefndur Páll Jónsson yfirréttarmálaflutningsmaður mótmælt og fært til þær ástæður, að Ásmundur Eiríksson hafi eigi umráð á málinu, með því hann hafi fengið sér umboð, dags. 5. okt. f. á., til að innheimta skuld þá, er mál þetta er risið af, og gert við sig þannig lagaðan samning um laun fyrir innheimtuna, að hann geti eigi aftur kallað umboðið eða hafið málið án síns samþykkis fyrir hann hafi fullnægt kröfum sínum eftir þeim samningi. Enn fremur heldur Páll Jónsson því fram,

að hann eigi einn óskerta aðild málsins að því er snertir hinn stefnda undirdómara.

Þessi mótmæli eiga ekki við rök að styðjast og verða ekki tekin til greina. Það verður að teljast vafalaust, að stefnda Sigurði Ingimundarsyni beri engin skylda til að sætta sig við, að haldið sé áfram málarekstri gegn honum um deiluefni, er hann hefir sættst á við gagnaðila, og Páll Jónsson hefir eigi sýnt fram á, að Ásmundur Eiríksson hafi afsalað sér í hendur honum umráðum yfir málinu að fullu og öllu, svo að hann hafi brostið vald til að sættast á það við stefnda, án samþykkis umboðsmannsins, því að umboðsskjalið, sem Páll vísar til, verður eigi skilið á þann veg, og þó að þeir Ásmundur Eiríksson hafi gert samning um laun umboðsmannsins fyrir innheimtu á skuldinni, er sá samningur stefnda óviðkomandi en varðar aðeins samningsaðila. Að því er til undirdómarans kemur, verður málið að sæta sömu úrslitum, með því eigi verður litið svo á, að Páll Jónsson eigi neina aðild fyrir sjálfan sig, að því er snertir kröfurnar á hendur undirdómaranum í þessu máli, enda er dómaranum stefnt fyrir hönd Ásmundar Eiríkssonar en ekki í nafni Páls Jónssonar.

Það ber samkvæmt þessu að taka til greina kröfu hinna stefndu og hefja þetta mál.

Málkostnaðar fyrir yfirdómi hafa hinir stefndu ekki krafist, og er rétt að hann falli niður.

Um málfærslumann stefndu, Odd Gíslason yfirréttarmálaflutningsmann, hefir Páll Jónsson yfirréttarmálaflutningsmaður í sóknarskjali hér fyrir réttinum farið ýmsum svæsnum brigzlyrðum, farast hon-

um meðal annars þannig orð: »öll framkoma hans (Odds Gíslasonar) í því (þessu máli) er samtengd »Vigen fra Ret og Retfærdighed og med Raad (og Daad) Befordren af urétfærdig Sag«. — »Eg fæst eigi um þá snyrtimensku Odds að fara á bak við mig með alt þetta, þótt það eitt útaf fyrir sig gerði hann óhæfan meðal heiðvirðra manna í öllum síðuðum löndum, en hitt verður eigi nógsamleg vítt, að hann gengst fyrir samtökum til þess að láta slíkan glæfragosa sem Sigurður Ingimundarsonur er féfletta einfaldan og ístöðulausan sveitabónda í þeim einum tilgangi að breiða yfir líti og vammir annara«. Fyrir þennan ósæmilega rithátt verður málaflutningsmaðurinn að sæta sekt, er ákveðst 40 kr. og greiðist að helmingi í landssjóð og að helmingi í bæjarsjóð Reykjavíkur.

Því dæmist rétt vera:

Mál þetta skal hafið. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Páll Jónsson yfirréttarmálaflutningsmaður sæti 40 kr. sekt er lúkist að helmingi í landssjóð og að helmingi í bæjarsjóð Reykjavíkur áður en liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.